

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730Reyðarfjörður

Reykjavík, 22. september 2021
UST202102-433/S.M.
08.14.02

Reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar

Þann 1. júní sl. fór fram reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi, sbr. 21. og 22. gr. í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. **Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningar, sbr. tl. 2-5 og 9-13 í gr. 4.1 hafa ekki borist eftirlitsaðila.**

Einnig er opið frávik frá eftirliti 2020 er varðar skil á skráningum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. október 2021.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir

Steinunn Karlsdóttir